



Áveitan

2. tbl. 18. árgangur. Febrúar 2024



SKÍÐAFERÐ

ÞJÓTTANDA

2024!

Fylgist með! Allir velkomnir!

- Við stefnum á skíðaferð í **Bláfjöll** um leið og veður og aðstæður leyfa.
- Ferðin verður auglýst með stuttum fyrirvara, en hugmyndin er að fara á **virkum degi**, leggja af stað kl 15:30 með rútu og skíða ca frá kl **17-20**.
- Þjóttandi býður upp á ókeypis **rútuferð** en fólk borgar sjálft í lyfturnar. Skíðaleiga og veitingasala er á staðnum.
- Börn verða að vera í **fylgd forráðamanns** en 8. bekkur og eldri geta verið á eigin vegum.



Skráning í ferðina verður auglýst þegar tímasetning er klár.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps

Kæru sveitungar og aðrir lesendur Áveitunnar



Eftir langan áramótapistil í janúarblaðinu þar sem helstu verkefni síðasta árs voru rakin verður hér stiklað á stóru um líðandi mánuð og það helsta sem framundan er.



Nýr aðalmaður í sveitarstjórn Flóahrepps

Frá og með 1. janúar 2024 varð breyting á aðalmonnum í sveitarstjórn Flóahrepps. Hjalti Guðmundsson í Smalaskála kom inn sem aðalmaður fyrir T listann í stað Elínar Höskuldsdóttur sem er flutt í annað sveitarfélag. Hjalti situr að auki í fræðslunefnd og framkvæmda og veitunefnd ásamt því að vera fulltrúi í nýskipaðri byggingarnefnd Flóaskóla. Hann tekur einnig sæti í öðrum nefndum og ráðum sem Elín sat í áður.

Elínu voru færðar þakkir fyrir gott samstarf og fyrir hennar störf í þágu sveitarfélagsins á fundi í desember og er henni óskað gæfu og far-sælar í þeim störfum sem hún tekur sér fyrir hendur.

Hófstilltar gjaldskrárhækkanir og frysting á hækkunum á gjaldskrárm leik- og grunnskóla:

Á fundi sveitarstjórnar í janúar samþykkti sveitarstjórn að gjaldskrár vegna leik- og grunnskóla tækju ekki hækkunum skv. vísitölu neysluverðs þann 1. febrúar. Er þetta gert til þess að mæta ákalli til sveitarfélaga í landinu um hófstilltar hækkanir á gjaldskrárm til að mæta þeim

áskorunum sem uppi eru í landinu varðandi verðbólgu og vexti. Aðrar gjaldskrár sem samþykktar voru við gerð fjárhagsáætlunar voru hófstilltar og tóku mið af raunkostnaði og stefnan var að hækka ekki umfram nauðsyn.

Ný gjaldskrá vegna dýrahæja:

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 ákvað sveitarstjórn að setja nýja gjaldskrá fyrir dýrahæ þar sem kostnaður leggst á búfjáreigendur. Gjaldið mun fara eftir fjölda og tegund búfjár og miðað verður við skýrslur um búfjárhald frá MAST.

Í sveitarfélaginu er einn gámur fyrir dýrahæ. Oft á tíðum er erfitt að áætla notkun á gámnum sem stundum fyllist á viku og stundum á nokkurra vikna tímabili. Notendur eru duglegir að láta skrifstofu vita þegar gámurinn er við það að fyllast og það hjálpar okkur mikið við að halda þessu í lagi.

Það er mikilvægt að það komi fram að söfnun, flutningur og afsetning dýrahæja *er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga* heldur er ábyrgðin á að koma á kerfi til söfnunar, flutnings eða meðhöndlunar á íslenska ríkinu. Kostnaður við þennan úrgangsflokk í bókhaldi sveitarfélagsins var í kringum 6 milljónir á árinu 2023 og fóru um 88 tonn af dýrahæjum frá sveitarfélaginu. Þar sem hér er ekki um lögbundið hlutverk sveitarfélagsins að ræða og ekki í takti við lög um meðhöndlun úrgangs að sveitarfélagið taki á sig kostnaðinn í stað þess sem notar þá er nauðsynlegt að skoða leiðir til að færa þennan úrgangsflokk úr bókhaldi sveitarfélagsins. Áfram mun sveitarfélagið þó sinna því að farvegur verði til staðar á meðan ríkið sinnir ekki sínu hlutverki en það er gert með því að hafa gám staðsettan á svæði í eigu sveitarfélagsins og í samvinnu við ÍGF.

Mikilvægt er að sveitarfélög í landinu setji þrýsting á að ríkið taki að sér þennan úrgangsflokk allt frá söfnun til förgunar/afsetningar, eins og lög og reglugerðir mæla til um. Hér má sjá frétt frá Sambandi

Íslenskra sveitarfélaga um málið: <https://www.samband.is/frettir/sveitarfelog-bera-ekki-abyrgd-a-aukaafurdum-dyra/>

Skráðir búfjáreigendur munu fá sendar frekari upplýsingar um gjaldskrá og fyrirkomulag greiðslu vegna dýrahæja en ekki er reiknað með að rukkað verði fyrir en líður á árið. Að öðru leiti er ekki verið að gera neinar breytingar á þjónustu af hendi sveitarfélagsins að svo stöddu.

Úrgangsmál – Söfnun á rúlluplasti:

Nokkur umræða hefur verið vegna söfnunar á rúlluplasti. Líkt og með dýrahæin þá er söfnun og afsetning á rúlluplasti ekki í höndum sveitarfélagsins skv. lögum um meðhöndlun úrgangs og úrgangssamþykkt sveitarfélagsins enda flokkast rúlluplast undir að vera rekstrarúrgangur eða úrgangur frá landbúnaði.

Í dag er fyrirkomulagið þannig að Íslenska Gámafélagið (ÍGF) sinnir söfnun á rúlluplasti og er viðurkenndur söfnunaraðili Úrvinnslusjóðs sem er ábyrgur fyrir því að skapa farveg fyrir söfnun og afsetningu á rúlluplasti í landinu. Söfnun á rúlluplasti kemur fram í sorphirðudagatali Flóahrepps og sýnir þannig farveg fyrir úrganginn en að öðru leyti snýr söfnunin ekki beint að sveitarfélaginu. Hvorki sveitarfélagið né þeir rekstraraðilar (einstaklingur eða lögaðili) sem fá þjónustu við söfnun rúlluplasts eru rukkaðir fyrir þjónustuna. ÍGF sér alfarið um söfnun og fær greitt úrvinnslugjald fyrir það plast sem þeir skila til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Sveitarfélagið leggur árlega á *sorphirðugjald* en það nær til hefðbundins heimilisúrgangs og þeirra fjögurra grunníláta sem íbúum er skylt að flokka í skv. gildandi lögum og samþykktum. Sorphirðugjaldið nær ekki til rekstrarúrgangs. *Sorpeyðingargjald* er lagt á íbúðarhús, frístundahús, lögbýli og atvinnurekstur. Sorpeyðingargjaldið tekur til reksturs sorpkerfisins svo sem reksturs grenndar- og söfnunarstöðva

ásamt förgunar og endurvinnsluleiðum. Gjaldið veitir fasteigna- eigendum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

Rekstraraðilum er ekki skylt að hafa grunneiningu sorpílata en geta óskað eftir því á eigin kostnað og samið beint við þjónustuverktaka hvort sem það er ÍGF eða einhver annar sem rekstraraðili kýs. Þeim ber þó áfram skylda til að flokka úrgang í samræmi við gildandi lög og samþykkt sveitarfélagsins líkt og eigendur íbúðahúsnæðis og frístundahúsnæðis.

Það sama gildir um rúlluplastið. Þeir sem þurfa að losa sig við rúllu- plast geta nýtt þennan farveg sem er til staðar í gegnum ÍGF, samið beint við annan þjónustuverktaka eða farið með plastið á söfnunar- stöð eða beint til endurvinnslu, t.d. hjá Pure North í Hveragerði.

Mikilvægt er að benda á skyldur þeirra sem nýta sér söfnun rúlluplasts varðandi frágang á plastinu. Ef frágangur er ekki fullnægjandi þegar bíllinn kemur að sækja áskilur ÍGF sér rétt til að taka plastið ekki í bíl- inn. Þetta er svipað og með heimilissorpið – ef flokkun er ekki full- nægjandi eða aðgengi að ílátum er þeim ekki skylt að tæma. Hér eru góðar leiðbeiningar um frágang á rúlluplastinu: [https:// www.floahreppur.is/static/files/sorphirda/heyruulluplast-2020-net.pdf](https://www.floahreppur.is/static/files/sorphirda/heyruulluplast-2020-net.pdf)

Vonandi skýrir þetta betur fyrirkomulagið á söfnun á rúlluplasti en not- endum er velkomið að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins eða rekstrarstjóra ÍGF á Suðurlandi ef eitthvað er óljóst. Hér er ekki verið að gera neina breytingu á þjónustunni heldur einungis verið að skerpa á fyrirkomulaginu við söfnun rúlluplasts.

Endurskoðun aðalskipulags:

Sveitarstjórn hélt fyrsta vinnufund vegna endurskoðunar aðalskipulags í janúar. Ásamt aðalmönnum í sveitarstjórn sat skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins fundinn. Rýnt var í greinargerð gildandi aðalskipulags

og farið yfir hvar þörf er á að uppfæra skipulagið. Sveitarstjóri og starfsmenn UTU munu leggja vinnu í það á næstu vikum og mánuðum að rýna í og koma með tillögur að uppfærðum texta og köflum í aðalskipulaginu. Eftir þá yfirferð verður orðið ljóst á hvaða þætti þarf að leggja mesta áherslu á og í kjölfarið verður verkið boðið út þ.e. aðkeypt ráðgjöf og þjónusta vegna skipulagsins.

Íbúum og öðrum áhugasömum er velkomið að koma á framfæri á-bendingum eða athugasemdum vegna endurskoðunar aðalskipulagsins en að auki verða haldnir íbúafundir/kynningarfundir í ferlinu þar sem allir hafa möguleika á að koma á framfæri á-bendingum og athugasemdum.

Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla:

Á fundi sveitarstjórnar í janúar var skipað í framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla og samhliða samþykkti sveitarstjórn erindisbréf fyrir nefndina. Fyrsti fundur var haldinn í lok janúar. Stefnt er á að fara af stað í innanhússbreytingar í núverandi húsnæði á þessu ári og samhliða farið af stað í hönnun viðbyggingar við Flóaskóla.



Álagningarseðill:

Nú um mánaðarmótin janúar-febrúar birtist álagningarseðill fyrir árið 2024. Álagningarseðillinn er aðgengilegur inni á mínum síðum á opinbera vefnum www.island.is.

Á álagningarseðli má finna ýmis gjöld sem geta samanstðið af eftirfarandi liðum:

Fasteignaskatti

Lóðarleigu

Seyrulosunargjaldi
Vatnsgjaldi
Sorphirðugjaldi
Sorpeyðingargjald

Það er misjafnt hvaða gjöld fasteignaeigendur greiða sem tengjast fasteigninni þeirra og fer það alfarið eftir þjónustunni sem þeir kaupa af sveitarfélaginu hvaða liðir eru á álagningarseðli. Sjá nánar hér:

<https://www.floahreppur.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/alagningarsedill>

Allir þeir sem eiga lóð, lönd eða eignir eru hvattir til að fara vel yfir seðilinn og hafa samband við skrifstofu Flóahrepps ef einhverjar athugasemdir eru við upphafsálagninguna fyrir 2024.

Framkvæmdir í Þingborg:

Í janúar hefur verið unnið að lítilsháttar breytingum á anddyri í Þingborg þar sem breytingar voru gerðar á fatahengi til að opna rýmið betur. Að auki voru veggir í anddyri og efri sal málaðir. Félagsheimilið Þingborg er í mikilli notkun allt árið, bæði af sveitarfélaginu, félagsamtökum og í útleigu og því mikilvægt að sinna reglulegu viðhaldi og vera opin fyrir mögulegum breytingum á húsinu í takti við notkun.

Skautadagur á prettándanum:

Haldinn var vel heppnaður skautadagur á prettándanum en það voru Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjótandi sem stóðu að viðburðinum. Áhugasamir aðilar höfðu komið að gerð skautasvells á gervigrasvellinum við Flóaskóla sem tókst vel og ákveðið að nýta þennan dag til að hafa opið skautasvell. Boðið var upp á kakó,



meðlæti og tónlist og mættu yfir 70 manns á milli 13:00-15:00. Að auki fóru margir eftir þann tíma og nýttu sér möguleikann á að skauta inn nóttina áður en slagveðurs rigning myndi skella á.

Þetta verkefni er dæmi um hvað hægt er að gera þegar fólk tekur sig saman og leggur fram smá sjálfboðavinnu til að gleðja aðra og er þetta lýsandi fyrir okkar öflugum félagsamtök og íbúa.

Hleðslustöðvar Flóaskóla/Þjósárver:

Búið er að koma upp tvöfaldri hleðslustöð við Flóaskóla/Þjósárver. Stöðin er opin öllum og ætti að nýtast starfsmönnum Flóaskóla sem notast við rafmagnsbíla sérstaklega vel. Það var Ísorka sem sá um að koma upp þessum stöðvum en samhliða uppsetningunni ver heimitaug í Þjósárver einnig stækkuð. Flóahreppur fékk styrk frá Orkusjóði á árinu 2022 vegna uppsetninga á hleðslustöðvum og verður styrkurinn nýttur upp í þessa framkvæmd.

Notendur þurfa að setja upp Ísorkuappið og er stöðin sýnileg og opin almenningi í appinu. Gjaldskráin er eftirfarandi:

29 kr/kW

Tímagjald 3 kr per mínúta eftir 120 mín í hleðslu.

Alltaf er velkomið að hringja ef einhver lendir í vandræðum eða vantar leiðsögn í síma 5687666.

Að auki er Orkusalan búin að endurnýja hleðslustöðina við Þingborg og er hún opin öllum.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.



Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdis bókari og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Umhverfis- og tækni svið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480-1180

Vegna skólalþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferdarthjonusta@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is (ath unnið er að opnun nýrrar og endurbættrar heimasíðu)

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 6. febrúar kl. 16:00 í Þingborg.

*Með kærri kveðju
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Messuplan í kirkjum Flóahrepps fram til vors

18. febrúar – Sunnudagur í föstuingangi

Villingaholtskirkja kl. 14:00 – prestur er Ása Björk Ólafsdóttir

17. mars – 4. Sunnudagur í föstu

Hraungerðiskirkja kl. 14:00 – prestur er Guðbjörg Arnardóttir

28. mars – skírdagur

Laugardælakirkja kl. 14:00 – prestur er Ása Björk Ólafsdóttir

31. mars – páskadagur

Hraungerðiskirkja kl. 11:00 – prestur er Guðbjörg Arnardóttir

1. apríl – annar páskadagur

Villingaholtskirkja kl. 11:00 – prestur er Guðbjörg Arnardóttir

Gaulverjabæjarkirkja kl. 14:00 – prestur er Guðbjörg Arnardóttir

19. maí – hvítasunnudagur

Hraungerðiskirkja – fermingarmessa kl. 13:30

Gaulverjabæjarkirkja – fermingarmessa kl. 14:00

20. maí – annar hvítasunnu-dagur

Villingaholtskirkja – fermingarmessa kl. 13:30.

Aðalfundur Umf. Þjótanda

Aðalfundur Þjótanda verður haldinn í Þingborg miðvikudaginn 7. febrúar kl 19:00.

Í upphafi býður félagið upp á pylsur og drykki, og fundurinn hefst svo eftir það.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar.

Félagar á öllum aldri eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum. Þeir sem eru áhugasamir að koma inn í stjórn eða nefndir eru beðnir að gefa sig fram sem allra fyrst.

Stjórn Umf. Þjótanda



Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Uppskeruhátíð

Við ætlum að halda uppskeruhátíð félagsins í Vatnsholti föstudagskvöldið 23. febrúar með hrossakjötsáti og verðlaunaveitingum fyrir sýningarárið 2023.

Þorvaldur Kristjánsson kynbótadómari ætlar að koma tala um sínar hugrenningar í sambandi við kynbótadóma og hrossarækt. Verð á mann er 4000 krónur og einnig verður tilboð á barnum. Húsið opnar kl. 20:00. Allir velkomnir.

Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hfff.stjorn@gmail.com.

Skráningu lýkur sunnudagskvöldið 18. febrúar.

Myndir

Á uppskeruhátíð þann 23. febrúar verða þau hross sem sýnd voru og eru í 3 efstu sætum innan síns aldursflokks verðlaunuð og kynnt.

Af því óskum við eftir að ræktendur/eigendur hrossa sem sýnd voru vor/sumar 2023 að senda okkur myndir af þeim á netfangið okkar hfff.stjorn@gmail.com fyrir 19. febrúar næstkomandi.

Aðalfundur

Aðalfundur HRFF verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 21. mars. Fundurinn hefst kl. 20:00. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Hvetjum við félagsmenn til að mæta á aðalfundinn og hafa áhrif á störf félagsins.

Á dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps, verður haldin sunnudaginn 3. mars 2023 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Sel-fossi og hefst hún kl. 13:30.

Páttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera. Skráningafrestur rennur út kl. 22:00 föstudaginn 1. mars.

Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi.

Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899- 5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com.

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00.

Stjórn HRFF

Vefsíðan okkar er hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com



Glímuæfingar

Ungmennafélagið Þjótandi stendur fyrir glímuæfingum í Félagslundi á miðvikudögum frá kl 19:30—20:30. Þjálfari er Stefán Geirsson.

Allir er velkomnir, gamlir iðkendur sem og þeir sem vilja koma og prófa.

Fréttir úr Flóaskóla

Líf og starf í skólanum er með nokkuð hefðbundnu sniði, en vetur konungur hefur þó aðeins truflað skipulagið hjá okkur þannig að við höfum bæði þurft að fresta skólabyrjun og fara fyrir heim einhverja daga. En við látum það ekki á okkur fá.



Í desember bættist vel í bókakost Flóaskóla þegar Kvenfélag Villingaholts-hrepps færði skólanum veglega bókagjöf. Það er mikilvægur þáttur í að efla læsi nemenda að hafa aðgang að nýjum og spennandi bókum svo þessi gjöf kom sér sannarlega vel og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Í byrjun mánaðar fáum við góða heimsókn frá *List fyrir alla* þegar leikarar úr Leikhópnum Lottu koma með leikritið Pínulitla Mjallhvít og sýna yngsta stigi skólans og elstu deild leikskólans. Um er að ræða skemmtilegt atriði unnið uppúr Mjallhvíti sem Leikhópurinn Lotta sýndi árið 2015. Þetta er um hálf tíma atriði prýtt fallettum boðskap, léttleika og söng.

Nokkur hópur nemenda ásamt Eyjólfí Eyjólfssyni vinnur nú af kappi að undirbúningi langspilsverkefnisins með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listasafni Íslands. Dagma 11.-13. febrúar verður fyrri lota þessa samstarfs í Hörpu. Tónleikarnir nefnast *Fljúgðu, fljúgðu klæði*. Lokaafurð verkefnisins eru skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar með þátttöku nemenda í Langsspilssveit Flóaskóla. Hljóm-sveitarstjóri er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljóm-sveitarinnar Ross Jamie Collins og kynnir og sögumaður er Ólafur Egill Ólafsson, leikari, handritshöfundur og leik-stjóri.

Öskudagurinn verður haldinn hátíðlegur líkt og undanfarin ár, óhefðbundin dagskrá er í skólanum þann dag, kötturinn sleginn úr tunninni og annað öskudagsfjör í boði. Í kjölfar hans verður svo nemenda- og foreldraviðtalsdagur þar sem nemendur kynna foreldrum sínum verkefni úr þema-vinnunni *Óskaveröldin mín* sem hefur verið helsta viðfangsefni nemenda síðan 20. janúar.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir



Ársskýrsla stjórnar Umf. Þjótanda árið 2023

-árið gert upp í máli og myndum-

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 6. febrúar 2023. Á fundinum var Skólahreystilið Flóaskóla valið „Íþróttamenn ársins“ og Markús Ívarsson var kjörinn „Félagi ársins“.

Eftirfarandi voru kosnir í stjórn:

Fanney Ólafsdóttir formaður

Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri

Sveinn Orri Einarsson ritari

Örvar Rafn Hlíðdal og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir í vara-
stjórn

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir í rit-
nefnd

Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar

Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar

Aðrir í skemmtinefnd eru Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Guð-
munda Bríet Steindórsdóttir og Viðar Hrafn Victorsson.

Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.

Starfsemi Þjótanda var nokkuð viðamikil á árinu. Félagið hélt úti íþróttastarfi fyrir börn og ungmenni og stóð fyrir ýmsum heilsu-
eflandi viðburðum og félagsstarfi.

Þjótandaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir
vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem
tekur þátt í þeim. Þjálfarar voru Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda
Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Glímuæfingar voru í gangi hluta ársins en mæting var eitthvað
minni en undanfarin ár. Þjálfarar voru Stefán Geirsson og Jón
Gunnþór Þorsteinsson.

Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendur, þá voru
sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglunga vikulega í
sumar og var mjög góð þátttaka.

Félagið sendi keppendur á HSK mótin í frjálsum íþróttum bæði

innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum.

Við áttum nokkra keppendur á Norðurlandamóti öldunga sem var haldið í Reykjavík í febrúar og náði okkar fólk glæsilegum árangri þar og fyrstu Norðurlandameistararitlar félagsins komu í hús þegar Bryndís Eva Óskarsdóttir, Hildur Harðardóttir og Rúnar Hjálmarsson náðu öll í sigur.



Við lögðum gönguskíðabrautir alltaf þegar aðstæður leyfðu, ýmist á túninu við Hurðarbaksveg eða í nágrenni Félagslundar. Nokkuð margir nýta sér svæðin, bæði innan- og utansveitarfólk. Síðasti opnunardagur í vor var 1. maí sem var einstakt.

Við héldum fjölmennt páskabingó í mars sem skemmtinefndin sá um. Tveggja kvölda félagsvist var einnig í mars en mæting var dræm. Flóahlaupið fór fram í apríl við Félagslund. Um 60 manns tóku þátt, flestir af höfuðborgarsvæðinu eins og vant er.

Víðavangshlaupið var haldið á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var mjög góð enda veðrið frábært, 78 keppendur á öllum aldri. Í víðavangshlaupinu tókum við upp þá nýbreytni að endurnýta gamla verðlaunapeninga og þótti það mjög jákvætt.



Fjör í Flóa var haldið í maí og var Þjótandi með fjölmenna kökuskreyingakeppni fyrir

krakka, hjólarallý, pylsusölu og andlitsmálingu. Fjölmargir unglingar störfuðu fyrir félagið á Fjöri í Flóa og stóðu sig frábærlega.

Við höldum upp á 17. júní í frábæru veðri við Einbúa ásamt kvenfélögum og Flóahreppi. Þar var Þjótandi með fótboltamót, skólahreystibraut og reiptog og heppnaðist dagurinn mjög vel.



Ungmennafélagsreiðtúrinn var farinn í júlí þar sem mættu 35 manns og riðu upp með Þjórsá í mikilli blíðu. Sveinn Orri og Einar í Egilsstaðakoti voru fararstjórar í ár.

Í júlí stóðum við fyrir tveimur dagsgönguferðum. Sú fyrri var fyrir fjölskyldur og var gengið kringum Ölkelduhnjúk á Hellisheiði og komið við í heitu lauginum í Reykjadal. 33 mættu í gönguna og göngustjóri var Guðmunda Ólafsdóttir. Seinni ferðin var fyrir full-orðna og gengum við yfir Leggjabrjót, frá Þingvöllum yfir í Hvalfjörð, í góðu veðri og enduðum í sjóböðunum í Hvammsvík. Oddný Ása Ingjaldsdóttir skipulagði gönguna og Sigmar Örn Aðalsteinsson keyrði rútuna. Frábærar ferðir báðar tvær. Fjölskyldur úr Þjótanda mættu vel á unglíngalandsmótið á Sauðárkróki og áttu þar góða helgi saman við leik og keppni. Nokkrir tóku þátt í



starfsíþróttamóti HSK á Hellu í ágúst og kepptu þar í kökuskreytingum, fuglagreiningu og stafsetningu.

Tveir glímumenn og einn fararstjóri fóru í keppnisferð til Englands í lok ágúst og kepptu þar í hryggspennu á nokkrum skemmtilegum mótum. Ferðin var styrkt af Þjótanda og Verkefnasjóði HSK.

Flóamótið fór fram á skólatíma 15. september og var metþátttaka og mikið fjör. Keppendur voru um 70 talsins og eftir mót var boðið upp á íspinna sem Kjörís gaf.

Allir nýir nemendur í Flóaskóla sem vildu fengu Þjótandahúfu að gjöf í upphafi skólaársins.



Við áttum í fyrsta sinn fulltrúa á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ sem var haldið á Reykjum í Hrutafirði í september. Fjögur ungmenni voru fulltrúar Þjótanda og Flóahrepps á ráðstefnunni. Menninganefnd Flóahrepps fékk okkur í lið með sér í lok september og haldið var Kornskurðarball í Félagslund. Hljómsveitin Meginstreymi hélt uppi miklu fjöri en mæting var því miður

lítil.

Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í annað sinn. 14 keppendur mættu á mótið sem eru fleiri en í fyrra. Mótsstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson.

Við sendum svo í fyrsta skipti í sögu félagsins sveit á Héraðsmót HSK í skák og verður vonandi framhald á því.

Skötuveislan var fjölmenn á Þorláksmessu, um 160 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skötu.



Jólasveinapjónustan okkar var svo á sínum stað á Þorláksmessu og aðfangadag og er alltaf vinsæl.



Í sumar festum við kaup á nýju „soundboxi“ sem er hátalari sem hægt er að nota á viðburðum utandyra. Þá var fjárfest í nýrri tegund af Þjótandaþolum og þeir svo seldir á niðursettu verði. Urðu þeir strax mjög vinsælir. Einnig var keypt meira af Þjótandaþeysum svo

allir sem vilja geta verið vel merktir félaginu.

Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu og er þess á milli í miklum samskiptum gegnum netið. Ritnefndin gaf út 12 tölublöð af Á-veitunni, sem nú er alveg komin yfir á netið, en auðvelt er að kaupa áskrift á pappír og fá hana þá senda í pósti.

Á árinu fékk félagið nokkrar góðar peningagjafir frá velunnurum félagsins og er ómetanlegt að finna slíkan stuðning frá nærsamfélaginu. Félagið heldur nokkra fjáröflunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Þá hefur heilmikið safnast undanfarið vegna sjálfbóðaliðastarfa félagsmanna á íþróttamótum og einnig eru tekjur Þjótanda af Lottóhagnaði íþróttahreyfingarinnar alltaf heldur að hækka.

Allar íþróttæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálssir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram. Það ætti að ganga upp meðan viljinn til að leggja fram sjálfbóðavinnu er til staðar.

Stjórn Þjótanda þakkar öllum sem hafa á árinu tekið þátt í starfi félagsins með einum eða öðrum hætti og sérstaklega þeim sem styrkt hafa félagið með sjálfbóðavinnu, fjármunum eða öðrum gjöfum. Þá viljum við senda góðar þakkir til stjórnenda Flóaskóla fyrir mikið og gott samstarf.

Nú er að ljúka þeim tveimur árum sem ég tók að mér formennsku í félaginu og er komið að öðrum að taka við. Þau eru orðin mörg árin sem ég hef verið viðloðandi ungmennafélagsstarf og hafa þau öll verið jafn skemmtileg. Þó félagið okkar sé ekki nema rúmlega 8 ára gamalt tel ég að nú þegar hafi myndast á það bæði rætur og vængir. Rætur sem að festa það í sessi, og vængir sem að hefja það til flugs.

Áfram Þjótandi!

Fanney Ólafsdóttir

Úrslit móta

Meistarmót Íslands 15-22 ára 13.jan. '24 Reykjavík

Helgi Reynisson

| | | |
|---------|-----------|--------------------------|
| 18.sæti | 8,49 sek | 60 m hlaup pb. |
| 5.sæti | 10,91 sek | 60 m grind pb. |
| 15.sæti | 27,77 sek | 200 m hlaup |
| 10.sæti | 62,63 | 400 m hlaup pb |
| 5.sæti | 1,57 m | Hástökk =pb |
| 3.sæti | 2,70 m | Stangarstökk pb. |
| 8.sæti | 5,28 m | Langstökk pb. |
| 2.sæti | 11,58 m | Þrístökk pb. |
| 7.sæti | 8,85 m | Kúluvarp 5 kg pb. |

Stórmót ÍR 20.jan. '24 Reykjavík

12 ára piltar

60m hlaup

| | | |
|---------|-----------|----------------------|
| 14.sæti | 10,04 sek | Kristján Reynisson |
| 23.sæti | 10,83 sek | Ottó Ingi Annýjarson |

600m hlaup

| | | |
|---------|-------------|---------------------------------|
| 11.sæti | 2:14,45 mín | Kristján Reynisson |
| 21.sæti | 2:32,48 mín | Ottó Ingi Annýjarson pb. |

Hástökk

| | | |
|---------|--------|-------------------------------|
| 12.sæti | 1,22 m | Kristján Reynisson pb. |
|---------|--------|-------------------------------|

Langstökk

| | | |
|---------|--------|----------------------|
| 14.sæti | 3,66 m | Kristján Reynisson |
| 22.sæti | 3,06 m | Ottó Ingi Annýjarson |

Kúluvarp

| | | |
|---------|--------|---------------------------------|
| 8.sæti | 6,49 m | Kristján Reynisson pb. |
| 26.sæti | 3,99 m | Ottó Ingi Annýjarson pb. |

16 ára Piltar

Helgi Reynisson

| | | |
|---------|-----------|--------------------------|
| 25.sæti | 8,62 sek | <i>60 m hlaup</i> |
| 4.sæti | 11,03 sek | <i>60 m grind</i> |
| 8.sæti | 5,19 m | <i>langstökk</i> |
| 5.sæti | 10,93 m | <i>þrístökk</i> |
| 3.sæti | 9,31 m | <i>kúluvarp 5 kg pb.</i> |

Aldursflokkamót 11-14 ára 28.jan '24 Selfoss

11 ára stúlkur

60m hlaup

6.sæti 13,34 sek Kristín María Sigurðardóttir **pb.**

Hástökk

5.sæti 0,90 m Matthilda Sigurðardóttir **pb.**

Langstökk

5.sæti 2,88 m Matthilda Sigurðardóttir **pb.**

7.sæti 1,71 m Kristín María Sigurðardóttir **pb.**

Kúluvarp 2 kg

1.sæti 6,98 m Matthilda Sigurðardóttir **pb.**

2.sæti 6,22 m Kristín María Sigurðardóttir **pb.**

12 ára piltar

60m hlaup

1.sæti 10,15 sek Kristján Reynisson

6.sæti 10,69 sek Ottó Ingi Annýjarson

60m grind

2.sæti 13,82 sek Kristján Reynisson **pb.**

5.sæti 15,11 sek Ottó Ingi Annýjarson **pb.**

Langstökk

1.sæti 3,77 m Kristján Reynisson

7.sæti 3,10 m Ottó Ingi Annýjarson

Hástökk

4.sæti 1,15 m Kristján Reynisson **pb.**

6.sæti 1,05 m Ottó Ingi Annýjarson **pb.**

Kúluvarp 3 kg

1.sæti 7,61 m Baldur Ragnar Ragnarsson **pb.**

3.sæti 6,35 m Kristján Reynisson **pb.**

8.sæti 4,04 m Ottó Ingi Annýjarson **pb.**

12 ára stúlkur

Lilja María Axelsdóttir

2.sæti 10,00 sek *60 m hlaup*

4.sæti 15,03 sek *60 m grind pb.*

2.sæti 3,72 m *langstökk pb.*

4.sæti 1,05 m *hástökk*

4.sæti 5,97 m *kúluvarp 2 kg pb.*

13 ára piltar

Gísli Svavar Sigurðsson

3.sæti 10,19 sek *60 m hlaup*

3.sæti 3,82 m *langstökk pb.*

Unglingamót HSK 28.jan '24 Selfoss

15 ára piltar

Langstökk

| | | |
|--------|--------|--------------------------------------|
| 1.sæti | 3,85 m | Pórarinn Óskar Ingvarsson pb. |
| 2.sæti | 3,42 m | Björgvin Guðni Sigurðsson pb. |

Kúluvarp 4kg

| | | |
|--------|--------|--------------------------------------|
| 1.sæti | 8,75 m | Björgvin Guðni Sigurðsson pb. |
| 2.sæti | 6,50 m | Pórarinn Óskar Ingvarsson |

16 ára Piltar

Helgi Reynisson

| | | |
|--------|-----------|--------------------------|
| 4.sæti | 8,59 sek | <i>60 m hlaup</i> |
| 3.sæti | 11,17 sek | <i>60 m grind</i> |
| 5.sæti | 5,15 m | <i>langstökk</i> |
| 4.sæti | 1,55 m | <i>hástökk</i> |
| 3.sæti | 9,29 m | <i>kúluvarp 5 kg pb.</i> |

Dagskrá mánaðarins:

| | |
|-----------------------------|-------------|
| Þorrablot Flóamanna | 3 febrúar |
| Æfingar í Þingborg | 6. febrúar |
| Fundur sveitastjórnar | 6. febrúar |
| Glímuæfing | 7. febrúar |
| Aðalfundur Umf Þjótanda | 7. febrúar |
| Æfingar í Þingborg | 13. febrúar |
| Glímuæfing | 14. febrúar |
| Messa í Villingaholtskirkju | 18. febrúar |
| Æfingar í Þingborg | 20. febrúar |
| Glímuæfing | 21. febrúar |
| Uppskeruhátíð HRFÞ | 23. febrúar |
| Æfingar í Þingborg | 27. febrúar |
| Glímuæfing | 28. febrúar |
| Folaldasýning HRFÞ | 3. mars |

